



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

101 Reykjavík Reykjavík

BÓTANEFND SAMKVÆMT LÖGUM NR. 69/1995

Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði
Sími: 458 2651 – Netfang: botanefnd@syslumenn.is

Siglufirði 8. desember 2020

Efni: umsögn um 87. þingmál, hækkun á greiðslu bóta til þolenda afbrota

Bótanefnd sem starfar á grundvelli laga nr. 69/1995 um greiðslu bóta hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytingar á lögununum sem er 87. þingmál, hækkun hámarksfjárhæða bótagreiðslna.

Með setningu laga nr. 69/1995 var ríkissjóði heimilað að greiða skaðabætur til þolenda afbrota, enda litlar líkur á því að þolandi afbrots fái tjón sitt bætt úr hendi þess sem var valdur að því. Það eru einkum bætur vegna ofbeldisbrota sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, eða með öðrum orðum tjónsatvik sem leiða til greiðslu á miskabótum í samræmi við 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og bótum vegna líkamstjóns sbr. I. kafla sömu laga. Einnig eru greiddar bætur fyrir tjón á persónulegum munum sem tjónþoli bar á sér þegar líkamstjóni var valdið, auk þess sem útfararkostnaður er greiddur og bætur greiddar vegna missis framfæranda ef brotþoli andast vegna afleiðinga brotsins.

Bætur eru ýmist ákveðnar samkvæmt dómsorði eða að bótanefnd tekur sjálfstæða afstöðu til bótafjárhæðar. Það er í þeim tilvikum þegar tjónvaldur óþekktur, ósakhæfur eða finnst ekki og einnig þegar umfang tjóns kemur ekki að fullu fram fyrr en eftir að mál hefur verið til dómsmeðferðar. Miskabætur eru langalgengasta tegund bóta sem greidd er þolendum afbrota og má heita að ákvörðun um miskabætur komi fyrir í nær öllum tilvikum þegar greiddar eru bætur á grundvelli laga nr. 69/1995. Markmiðið með greiðslu miskabóta er að bæta ófjárhagslegt tjón fyrir meingerð sem ekki verður lögð undir efnislegt mat. Bætur fyrir líkamstjón eru byggðar á I. kafla skaðabótalaga, sem og 15. gr. þeirra. Einkum er um að ræða bætur fyrir varanlegan miska sem er skerðing á lífsgæðum og fjárhagslegar bætur fyrir varanlega örorku sem leiðir til skerðingar á aflahæfi. Í skaðabótalögum er að finna fyrirmæli um hvernig reikna beri út fjárhæðir bóta eftir aldri tjónþola og tekjum. Ákvörðun um greiðslu bóta fyrir

líkamstjón er yfirleitt í höndum bótanefndar þar sem í þeim tilvikum sem varanlegt tjón verður, liggur það sjaldnast fyrir þegar mál er til dómsmeðferðar.

Nokkrar takmarkanir er að finna í lögnum á því hvaða fjárhæðir ríkissjóður greiðir og koma þær fram í 7. gr. þeirra, en markmið þessa frumvarps er að hækka þær fjárhæðir sem afmarka greiðslu ríkissjóðs og tilgreindar eru í stafliðum a-e í 2. mgr. 7. gr. Með lögum nr. 54/2012 sem tóku gildi í júnímánuði 2012 voru þessar fjárhæðir hækkaðar töluvert, enda höfðu þær þá verið óbreyttar frá gildistöku laga nr. 69/1995 þann 1. janúar 1996. Má heita að þá hafi verið kominn verulegur halli á milli fjárhæða bóta sem ákveðnar voru af dómstólum annarsvegar og hinsvegar þess sem ríkissjóður gekk í ábyrgð fyrir. Til dæmis voru aðeins greiddar að hámarki kr. 600.000 í miskabætur í tíð eldri laganna. Þá var jafnframt var sett inn það ákvæði að bætur verði ekki greiddar fyrir varanlegan miska nema hann nemi að lágmarki 5 stigum af hundraði og að bætur fyrir varanlega örorku verði ekki greiddar nema hún nemi að lágmarki 15%. Að baki breytingunni lá það sjónarmið að tjón undir þessu marki feli í sér óverulega skerðingu á aflahæfi og erfitt að meta það eða slá því föstu. Sambærileg ákvæði er að finna í skaðabótalöggjöf á Norðurlöndunum.

Málum sem berast bótanefnd til meðferðar hefur fjölgað gríðarlega frá árinu 2016 og er um ræða tvöföldun á fjölda mála á fjórum til fimm árum og berast bótanefnd nú 450-500 mál árlega. Á árunum 2015-2019 greiddi ríkissjóður um 750 milljónir króna í bætur á grundvelli laga nr. 69/1995.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að bæturnar hækki til samræmis við launavísitölu og að allir liðir 2. mgr. 7. gr. laganna hækki til samræmis við stöðu vísitölnunnar eins og hún er þegar frumvarpið var lagt fram. Jafnframt er lagt til að þær fjárhæðir sem koma fram í stafliðum a-e í 2. mgr. verði bundnar launavísitölu eða vísitölu neysluverðs og hækki um hver áramót, allt eftir því hvor vísitalan sé hagstæðari fyrir brotaþola. Gert er ráð fyrir að hámarksbætur fyrir munatjón hækki úr kr. 250.000 í kr. 435.000. Varðandi þetta þá vil bótanefnd taka fram að næsta fátítt er að greiddar séu bætur fyrir munatjón og á síðustu fimm árum hafa aðeins einu sinni verið greiddar bætur vegna munatjóns að því hámarki sem er í núverandi lögum, en þá var um að ræða verðmætt armbandsúr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að bætur fyrir varanlegt líkamstjón hækki úr kr. 5.000.000 og í 8.700.000. Eftir gildistöku laga nr. 54/2012 þar sem sett var lágmark á það sem greitt er vegna varanlegs líkamstjóns, þá hefur málum þar sem bætur eru greiddar að hámarki fækkað verulega og fyrst og fremst er um að ræða tilvik þar sem um er að ræða mjög alvarlegt tjón. Á síðustu árum hafa þau mál ekki verið mörg. Einnig er lagt til að hámarksfjárhæð miskabóta verði hækkuð úr kr. 3.000.000 í kr. 6.520.000. Með lögum nr. 54/2012 var hámark þess sem ríkissjóður greiðir í miskabætur til þolenda afbrota fimmfaldað frá því sem var og nokkuð umfram það sem hæstu miskabætur voru í dómaframkvæmd á þeim tíma. Miskabætur hafa hækkað í dómaframkvæmd á síðustu árum, en þó er fremur fátítt að dæmdar bætur fari umfram það hámark sem nú er. Á síðustu árum hafa hæstu miskabætur sem

dómstólar hafa ákveðið í sakamálum verið kr. 3.000.000 eða 3.500.000, í fáeinum tilvikum kr. 4.000.000 og í einu tilviki kr. 6.000.000. Þá er lagt til með frumvarpinu að bætur fyrir missi framfæranda og greiðsla á útfararkostnaði verði hækkaðar. Greiðsla bóta fyrir missi framfæranda er byggð á ákvæðum 12.-14. gr. skaðabótalaga og er um að ræða bætur til maka, sambúðarmaka og barna og taka þær mið af útreikningi bóta fyrir varanlega örorku í tilviki maka eða sambúðarmaka og útreikningi á barnalífeyri í tilviki barna. Munurinn á fjárhæðum sem bæturnar geta orðið er verulegur eftir því hvort um er að ræða barn eða maka. Greiðslur á bótum vegna missis framfæranda á grundvelli laga nr. 69/1995 eru næsta fátíðar, enda verða þær ekki greiddar nema í þeim tilvikum þar sem um manndráp er að ræða og aðeins að því virtu að brotþoli hafi átt maka, sambúðarmaka eða börn. Bætur til barna skerðast eftir aldri þeirra og engin tilvik hafa komið upp frá árinu 2012 þar sem bætur til barns fyrir missi framfæranda hefur náð hámarksfjárhæðinni sem nú er 2.500.000 og í aðeins einu tilviki hafa bætur til sambúðarmaka verið greiddar að hámarki. Greiðsla á útfararkostnaði er nú að hámarki kr. 1.500.000 og ekki hefur enn verið krafist bóta umfram það sem hámarkið nemur.

Bótanefnd telur að þrátt fyrir að markmið frumvarpsins sé á margan hátt jákvætt þá sé þó ekki aðkallandi að breyta hámarksfjárhæðum umfram það sem nú er. Bent er á að árið 2012 voru hámarksfjárhæðir bóta hækkaðar verulega og ekki er líklegt að framkvæmd dómstóla við ákvörðun bóta taki hröðum eða miklum breytingum, enda gæti það leitt til réttaróvissu. Þá er einnig bent á að vísitölutenging bóta getur reynst flókin í framkvæmd og nokkrar efasemdir eru um þá aðferð, meðal annars vegna þess að bætur eru þegar vísitölutryggðar að nokkru með 15. gr. skaðabótalaga og að vísitölutengingin getur leitt af sér ójafnræði á milli brotþola við lagaskil og þeirrar hækkunar á fjárhæðum sem verður um hver áramót. Að lokum þá er það galli á frumvarpinu að ekki er lagt mat á fjárhagsleg áhrif þess, enda næsta erfitt þar sem frumvarpið byggir á vísitölubreytingum.

F.h. bótanefndar

Halldór Þormar Halldórsson

